

Reykjavík 11. maí 2010
OPS.039.10
HBA/hbb

Nefndasvið Alþingis
Samgöngunefnd
Austurstræði 8 – 10
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp um breytingu á lögum um loftferðir. Þskj. 957 567. mál

Icelandair hefur fengið til umsagnar frumvarp til breytinga á lögum þar sem gerðar eru ýmsar breytingar á Lögum um loftferðir.
Icelandair hefur eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.

Meginathugasemdir félagsins snúa að auknum valdheimildum til handa ríkisstofnunum og hlutafélögum í opinberri eigu til að hækka gjaldskrár.

Í athugasemdum með frumvarpinu er vitnað í tilskipun ESB nr. 2009/12/EC en hlutverk hennar er að vernda viðskiptavini eða notendur flugvalla sem eru fyrst og fremst flugrekendur, gegn einokunaraðstöðu sem felst almennt í fyrirkomulagi við rekstur flugvalla. Mikilvægt er að þeim leiðbeiningum sem koma fram í tilskipuninni sé fylgt en með breytingum sem boðaðar eru er það mat félagsins að breytingar á 7. og 8. gr. gangi gegn texta tilskipunarinnar.

7. gr. Lagt er til að þessi grein verði felld burt.

Í núverandi lögum er mikilvægt ákvæði að mati félagsins þar sem fram kemur að ráðherra þurfi að staðfesta breytingar á gjaldskrár. Það koma engin rök fram um nauðsyn þess að fella þetta ákvæði út. Það er eðlilegt þegar um einokunarstarfsemi er að ræða að varnagli sbr. staðfestingu ráðherra sé haldið inni.

Lagt er til að a) og b) liður 8. gr. frumvarpsins verði felldur niður.

Notandanefnd er mikilvægur vettvangur til skoðanaskipta um nauðsyn gjaldsrárhækkana. Með samþykkt þessarar tillögu að breytingum er verið að minnka rétt viðskiptavina fyrir rökstuðningi komi upp ágreiningur í notandanefndinni.

Í b) lið er lagt að aðilum sé heimilt að skjóta ágreiningi til Flugmálastjórnar Íslands þar sem ákvörðun stofnunarinnar er endanleg á stjórnarsýslustigi og notendum gert að greiða kostnað af málskoti, einhliða vald er hert sem er ekki heppileg þróun.

Það er mat félagsins að Flugmálastjórn geti ekki talist óháður aðili í þessu samhengi og þetta fyrirkomulag sé ekki heppilegt ekki síst þar sem í 7. gr. er lagt til að síðasti málsliður 3. mgr. 71. gr. laganna sem fjallar um staðfestingu ráðherra sé felld burt.

Það er mat Icelandair að þær greinar sem vitnað er til að ofan séu ekki til þess fallnar að bæta umgjörð um flugrekstur á Íslandi. Rekstur flugvalla og flugleiðsöguþjónustu er einokunarrekstur og meginverkefni verður að vera vernd notenda þjónustunnar. Með þeim breytingum sem hér eru boðaðar er verið að ganga í þveröfuga átt og beinir Icelandair því til Alþingis að beita sér frekar fyrir reglum sem gera þennan rekstur gagnsærri og harðari kröfur verði lagðar

á rekstraraðila hvort sem þeir eru stofnun eða opinbert hlutafélag að rökstyðja hækkanir og óháður aðili fenginn sem eftirlitsaðili.

Virðingarfyllst



Hilmar B Baldursson

Flugrekstrarstjóri Icelandair